

## **Tillaga til 493. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 7. apríl 2022**

Tillaga frá 580. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 23. mars 2022, um að bæjarstjórn samþykki að Kampi ehf. fái lóðina við Mávagarð E1, Ísafirði, skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

### **7. Umsókn um lóð - Mávagarður E - 2019110063**

Lögð fram ítrekun vegna dráttar afhendingar lóðarinnar við Mávagarð E1 á Ísafirði til Kampa ehf. ásamt tölvupósti frá Kristjáni Jóni Guðmundssyni hjá Kampa ehf. vegna lóðarumsóknar við Mávagarð E, dags. 21.mars 2022.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Kampi ehf. fái lóðina við Mávagarð E1, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*